

Flúðum 15. janúar 2021

Hér sendist umsögn Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, mál nr. 369 en umhverfisnefnd bókaði eftirfarandi á fundi í sínum þann 7. Janúar s.l.

. Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð.

Tilgangur með stofnun Hálandisþjóðgarðs er í grunninn góður, sem byggir á hugmynd um að vernda og bæta miðhálandi Íslands og fá fram heildarsýn yfir landsvæðið. Hins vegar er mörgu ábótavant í frumvarpinu og ekki hægt að styðja það að svo stöddu án breytinga.

Nauðsynlegt er að fá fram, áður en frumvarpið verður samþykkt, hvernig flokkun friðlýsingar (IUCN) er um að ræða innan þjóðgarðsins.

Tryggja þarf að hægt sé að fara í nauðsynlegar framkvæmdir innan garðsins og nýta efni innan svæðis sé þess kostur samanber bætingu vegakerfis.

Í 13. gr frumvarpsins er nauðsynlegt að umdæmisráðin komi að ráðningu þjóðgarðsvarðar innan síns umdæmis þar sem þjóðgarðsvörður er nánasti starfsmaður ráðsins.

Tryggt verði að gjaldtöku innan þjóðgarðsins verði stillt í hóf.

Að tryggt sé að gildandi samningar sem eru nú þegar í gildi innan svæðisins, sem Hálandisþjóðgarður mun marka, haldi sér.

Að allir virkjanakostir, sem eru í bið- og nýtingarflokki, sama hvort þeir séu innan jaðarsvæða eða ekki, fái sitt lögformlega ferli sem rammaáætlun segir til um, enda erfitt að spá hver orkuþörf verður í framtíðinni. Í þessu samhengi er rétt að benda á að orkuskipti í samgöngum krefjast mikillar orku og þarf að virkja í sátt við náttúruna. Virkjun og náttúruvernd geta farið saman. Kostnaður vegna nefndafólks, stjórnar og yfirstjórnar verður hlutfallslega hár miðað við fjárþörf þjóðgarðsins í heild.

Tryggja þarf skýrt og fyrirsjáanlegt ferli varðandi leyfisveitingar hverju sinni.

Leyft sé að nota flygildi innan garðsins nema sérstaklega sé kveðið á um annað en ekki öfugt.

Heimila þyrlu- og flugvélalendingar utan flugvallasvæða án leyfis þjóðgarðsvarðar ef um er að ræða björgunar- og neyðarstarf.

Tryggja þarf að höfuðstöðvar þjóðgarðsins séu einhvers staðar innan sveitarfélaganna sem falla undir Hálandisþjóðgarð.

Tryggja skal að stjórnarskrár varin réttindi haldi sér.

Samþykkt samhljóða.

Kveðja

JGV

Jón G. Valgeirsson

sveitarstjóri

480-6600

jon@fludir.is